

**Sp.**

**178. Fyrirspurn**

[138. mál]

til menntamálaráðherra um útgáfu sérkennslugagna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hyggst menntamálaráðherra móta stefnu um útgáfu sérkennslugagna í samræmi við álit og tillögur nefndar er menntamálaráðherra skipaði 27. janúar 1982, en nefndin skilaði niðurstöðum til menntamálaráðuneytisins í maí s. l.?
2. Hve miklu fjármagni hefur á s. l. 5 árum verið varið sérstaklega til kennslugagna fyrir nemendur með sérþarfir á grunnskólastigi?
3. Hve margir nemendur, sem njóta sérkennslu eða stuðningskennslu í eða utan almennu grunnskólanna, þurfa á sérkennslugögnum að halda?